


Desember 1966.

FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



EFNISYFIRLIT :	Bls.
Sagt frá fundi	3
Samstaða Nýalssinna	6
Samvizkan	7
Nauðsyn aukinnar lífmagnanar	7
Hin guðlega ást	8
Draumur	9
Úr bréfi	10
Hvað er sál	11
Athyglisvert dæmi	12
Eftirmáli	13

Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: Þorsteinn Jónsson
Úlfsstöðum, Borgarfirði

Forsíðumynd - Júpíter og fjögur stærstu tungl hans.

Júpíter er stærsti sonur sólarinnar. Þvermál hans er 141 þús. km. og því 11.1 sinnum þvermál jarðar. Rúmtak hans er 1295 sinnum meira en rúmtak jarðarinnar. En efnismagn hans er aðeins 318 sinnum meira en jarðarinnar, og því miklu eðlisléttara en hún. Þvermál hans er mun meira um miðjarðarlínu en milli heimskauta og orsakast sá mismunur af hinum mikla snúningshraða hnattarins en hann fer einn hring um sjálfan sig á tæpum 10 stundum. Hnötturinn er þakinn miklu skýjabykkni, og virðist snúast hraðast um miðjarðarlínu, en hægar eftir því sem nálgast heimskautin. Hnötturinn skiptist í mörg samhliða belti, með mismunandi litblæ, en hvert þeirra aftur í bletti, sem aðskilja sig, hver frá öðrum. Á suðurhelmingi hnattarins, nálægt miðbaug, er mjög stór sporbaugslaga blettur, kallaður " Rauði bletturinn " vegna hins rauða litar. Hann er 50 þús. km. á lengd. Annar stór blettur kallaður " Truflunin " er í sama belti. Sá blettur virðist snúast með meiri hraða, og fer á vissum tímabilum framhjá Rauða blettinum og verður þá til að hraða för hans um stundarsakir. Yfirborðshiti á Júpíter mun vera nálægt 140°C undir frostmarki.

Meðalfjarlægð Júpíters frá Sól er 775 milljónir kílómetra og það tekur hann 11 ár og 314 daga að fara eina hringferð um Sólina.

Umhverfis Júpíter ganga 12 tungl, hið nálægasta á tæpum 12 stundum (fjarlægð 181.000 km.), en hið fjarlægasta á 745 dögum (fjarlægð 24.100.000 km.). Fjögur stærstu tungl Júpíters voru uppgötvað af Galilei árið 1610 en síðasta tunglið ekki fyrr en 1951. Tvö af tunglum Júpíters ganga á sömu braut, hringferð þeirra tekur 260 daga. Fimm af tunglum hans ganga í sama fleti og miðbaugur hans, en önnur tungl á hallandi brautarfleti. Tvö af tunglum hans, þau fjarlægustu, ganga í öfuga stefnu við öll hin, og þar með öfugt við meginstefnu allra hnatta í sólhverfinu.

Júpíter er í rauninni eins og smækkuð mynd af sólhverfinu í heild, með hinum mörgu fylgihnöttum sínum.

Á heiðskírum vetrarkvöldum er hann með björtustu stjörnum himingeimsins, og getur komist næst reikistjörnunni Venusi. að birtumagni, þegar jörðin er á braut sinni milli hans og sólar, en þá er hann í minnstri fjarlægð frá okkur. Fróðlegt er að athuga hann í litlum sjónauka og fylgjast með stóru tunglunum hans fjórum, sem breyta afstöðu sinni frá kvöldi til kvölds.

Ingvar Agnarsson.

Heimildarrit :
Manuel Pratique d'Astronomie
eftir Lucien Rudaux

SAGT FRÁ FUNDI.

Félag Nýalssinna efndi til opinbers fundar miðvikudaginn 13. apríl 1966 að Hverfisgötu 21 og hafði hann verið boðaður í útvarpi og dagblöðum. Á fundinn komu um 70 manns, og voru utanfélagsmenn í meirihluta. Fundarefni var líkamningafyrirbæri og skyldu sýndar skuggamyndir varðandi þær. Er formaður, Ingvar Agnarsson, hafði með nokkrum inngangsorðum sett fund, flutti Þorsteinn Jónsson erindi, sem hann nefndi framlífsfræði, og var það birt í síðasta hefti félagblaðsins. Því næst las Sveinbjörn Þorsteinsson úr Nýal, Hemingsþátt fjarræna. Að því loknu voru sýndar skuggamyndir af miðilsfyrirbrigðum, sem Ingvar Agnarsson annaðist en Þorsteinn Guðjónsson skýrði út fyrir fólkinu. Flutti hann áður nokkur inngangsorð, og gat hann þess þá meðal annars, að orðið amlóði væri að uppruna til hamalóði og þýddi sá sem fer úr einum ham í annan. Sagði hann að þessu skylt væri nafnið Hamlet og talaði um, að sumir þeir sem amlóðar væru nú kallaðir, mættu ef betur væri stefnt, verða hinir goðmögnuðustu.

Myndir voru þarna sýndar af hafningu miðils, og sást skýrt, hversu miðillinn sveif í lausu lofti yfir höfðum fundarmanna. Var á myndunum auðsætt, að sitjararnir fylgdust af miklum áhuga með því, sem gerðist, og mátti á þeim sjá undrun, sem ekki var óeðlilegt um svo óvanalegt fyrirbrigði, þótt algengt muni vera þar sem líf er samstilltara og magnaðra en hér á jörðu. Og þessi jákvæða afstaða sitjaranna, sem lýsti sér í svip þeirra á myndinni, talaði Þorsteinn um, að greitt hefði þarna fyrir því, sem varð. Hefði afstaða þeirra hinsvegar verið neikvæð, væru allar líkur til þess, sagði hann, að engin hafning hefði getað orðið.

Næst þessu voru sýndar líkamningamyndir, en slík fyrirbæri eru öllum viðstöddum jafn sýnileg. En einnig voru þarna sýndar myndir af svipum, sem einungis koma fram á ljósmyndaplötum, og var þar meðal annars mynd af Haraldi Níelssyni framliðnum. Taldi Þorsteinn, að þarna væri ekki um að ræða líkamninga, heldur kæmi til greina geislan nokkur, sem festi sig á plötunum, enda væru möguleikar þeirrar geislunar miklir og margvíslegir.

Að lokum var svo sem í framhaldi af þessu gefin ofurlítil sýn til stjarnanna og voru það tiltakanlega fallegar og skýrar myndir af vetrarbraut og annarri stjörnuþyrpingu minni. Og er Þorsteinn hafði skýrt þær nokkuð og sagt frá stjarnfræðilegum draumi, talaði hann um, að í þeim stórkostlega heimi, sem þessar myndir gæfu nokkra hugmynd um, væru allir möguleikar lífsins og að óþarfi væri því að leita út fyrir hann.

Að lokinni sýningu skuggamyndanna sagði fundarstjóri, Bergsteinn Jónsson, að orðið væri frjálst, og ef einhverjir vildu koma með fyrirspurnir, þá skyldi þeir ekki hika við það. Bar þá kona nokkur, sem kvaðst heita Anna Þórðardóttir og vera í sárarrannsóknafélagi Íslands, fram þá spurningu, hver væri munur á starfsemi Nýalssinna og þess félagsskapar. Sagðist hún ekki sjá þar neinn mun né heldur á skilningi varðandi annað líf. Fundarstjóri þakkaði fyrirspurnina og varð Þorsteinn Jónsson fyrir svörum.

Féllst hann á, að mikið væri þarna sameiginlegt eins og t. d. það, að hvorirtveggja gerðu ráð fyrir framlífi, en munurinn væri hinsvegar sá, að í stað andaheims, sem andatrúarmenn töluðu um, töluðu Nýalssinnar um aðra hnetti og líkamlega eða jarðlega tilveru þar. Ennfremur gat hann þess, að frá sjónarmiði Nýalssinna bæri að líta á skyggni sem sambandsskynjan en ekki sem sérstakan augnhæfileika hins skyggna manns. Væri slíkt rökrétt framhald af skilningi dr. Helga Pjeturss á eðli svefnis og drauma, en þaðan væri reyndar um svo mikla og margvíslega útsýn að ræða. Sagði Þorsteinn, að þessi skilningur Nýalssinna á eðli svefnisins, draumanna og framlífsins, væri framhald þeirrar vísindalegu heimsfræði, sem hófst með þeim Koperníkusi og Brúnó, en slíkt væri síður hægt að segja um anda trúna.

Er Þorsteinn hafði þetta mælt eða eitthvað á þessa leið, tók Hulda Valdimarsdóttir til máls og bað Þorstein að útskýra betur, hvað gerðist við dauðanna og hvernig framlífslíkaminn myndaðist. Sagði Þorsteinn þá, að þar kæmi fyrst til greina að gera sér ljóst, í hverju geislan væri falin fyrst og fremst. En geislan er umfram allt falin í viðleitni geislandans til þess, að framleiða sjálfan sig, sitt ástand eða sína sál þar sem geislan hans kemur fram. Þannig sagði hann að væri árangurinn af geislan sólarinnar til jarðarinnar. Að örlitlu leyti framleiðir sólin hér í yfirborði jarðarinnar það ástand, sem á sér stað í yfirborði hennar sjálfrar. Hreyfing verður hér fyrir tilgeislan sólarinnar hingað, stormar og straumar í lofti og legi, en eins og kunnugt er, þá á nú einmitt slíkt sér stað í sólinni. Stormar eru þar og straumar svo mikilfenglegir, að ekkert kemst þar í námunda hér á jörðu. En sé um samstilltar kraftstöðvar að ræða, eins og t. d. útvarpsstöð og útvarpstæki, þá verður þessi framgangur geislunarinnar miklu fullkomnari. Í útvarpstæki kemur að miklu leyti algjörlega fram sú hreyfingarmynd, sem til staðar er á útvarpsstöðinni. Og séu nú þannig samstilltar tvær lífstöðvar, önnur hér á jörðu, en hin á annarri stjörnu, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að hamfaraflutningur verði þar á milli. En vegna þess, hve ófullkomlega er lifað hér á jörðu, en það stafar mest af heimsku og ósamstillingu lifendanna, þá getur framgangur slíks ekki orðið hér öðruvísi en ófullkominn. Hinsvegar þar sem samstillingin væri miklu meiri, hvort heldur væri til illis eða góðs, er líkómunin vel hugsanleg, og er nú að vísu sjálf-

sagt að gera ráð fyrir, að á góðum stöðum verði hún á miklu fullkornari hátt en á illum. Á góðum stað er ástæða til að ætla, að einstaklingurinn komi fram í fullkornari og fegurri mynd en hann nokkru sinni var í frumlífi sínu og má segja, að gott lífveri hans hafi þá lagt til efni í slíkt. Eins og það er saga tegundarinnar eða ættarinnar, sem að hverjum einstaklingi stendur hér í frumlífinu þannig má ætla að það sé lífssaga hans sjálfs, sem stendur að því, sem að auki verður í framlífi hans.

Maður að nafni Kristinn Magnússon spurði nú að, hvað stjórn-
aði því, þegar draumur kæmi nákvæmlega fram og svaraði Þor-
steinn því til, að yfirleitt væri hæpið að komast svo að orði. Sagði hann, að erfitt væri að muna draum svo að hægt væri að staðhæfa, að eitthvað sem síðar gerðist í vöku, hafi verið nákvæmlega eins. Hinsvegar sagði hann, að draumur rifjaðist oft upp við það, að eitt eða annað gerðist í vöku honum eitthvað líkt og gæti þá mönnum fundist, að draumurinn hefði rætt og það jafnvel nákvæmlega. En varðandi fyrirboða og annað slíkt sagði Þorsteinn að gott væri að hafa í huga fyrirmynda og tilsvaranakenningar þeirra Platons og Swedenborgs, því að mikil ástæða sé til að ætla, að þessi jörð eigi sér systurjarðir allmargar, þar sem líkir atburðir gerðust hér og það jafnvel í smáatriðum. Gæti þá samband við lifendur þeirra líku atburða orðið hér að fyrirboðum, þó að gera verði ráð fyrir, að líkingin sé aldrei algjör.

Nú sagði Kristinn frá því, að hann hefði dreymt dánartilkynningu manns, sem hann þó hafi ekki kannst við, á öftustu síðu Mbl. og munað nákvæmlega staðinn í blaðinu. Þegar hann svo daginn eftir hafi litið í blaðið, hafi á þessum stað dánartilkynningin verið, og taldi að þegar hann dreymdi þetta hafi Mbl. sennilega verið í prentun.

Annan draum sagði Kristinn þarna, sem hann sagðist undir-
eins hafa sagt konu sinni, en nákvæmlega hefði komið fram seinna. Var það varðandi messugerð í kirkju í Reykjavík og sagði hann, að þeim hjónum báðum til undrunar hafði þar allt komið fram, sem hann áður hafði dreymt og sagt konu sinni frá. Sagði hann, að allt hefði þarna gerzt með sama hraða og í draumnum.

Við þessu taldi Þorsteinn sig lítið hafa að segja framyfir það, sem hann áður hafði sagt, en vék hinsvegar að því, að yfirleitt athuguðu menn það of lítið, hve draumsýnir þeirra væru þeim í rauninni jafnan ókunnugar úr vöku. Þannig taldi hann, að þrátt fyrir allt gæti þarna ekki hafa verið um sömu kirkjuathöfnina að ræða, því að aldrei yrði draumur til án sambands við eitthvað, sem þá samtímis væri að gerast. Spágjafa, sagði hann, að vel gæti komið til mála að hugsa sér, þriðja aðila, sem nokkur áhrif gæti haft á það, hvernig dreymandinn þýddi það, sem hann skynjaði fyrir skynjana samband við draumgjafa. En draummyndirnar taldi hann öruggt, að aldrei gætu verið eintómur hugarburður neins.

Sýn verður aldrei til án þess, að eitthvað hafi verið séð.

Að lokum skal hér rekja draum, sem Bergsteinn Jónsson sagði. Þóttist hann í svefninum vera að tala um það við konu sína, að sig langaði til að hafa það alskegg, sem á sig hefði vaxið, og var það rautt. Sagði hann um leið og hann leit í spegilinn, en hann var sannfærður um það í svefninum, að þar sæi hann sjálfan sig, sérðu ekki, hvað mér fer þetta vel og gerir mig fríðan ? En ekki vildi hún fallast á þetta. Í þessu vaknaði Bergsteinn, og sagðist hann þá hafa þekkt þetta andlit, sem honum hafði þótt bera fyrir sig sem spegilmynd sína í svefninum. Þessi rauðskeggjaði maður, sem hann þóttist hafa séð þar og hugði vera sjálfan sig, var að því hann sagði alveg eins útlits og kunningi hans einn, sem staddur var þá í Mexico. Leit Bergsteinn því svo á, að maður þessi hefði þarna verið draumgjafi sinn.

Að síðustu þakkaði fundarstjóri mönnum fyrir komuna og góðar undirtektir.

Sveinn Haraldsson.

SAMSTAÐA NÝALSSINNA.

Nýalssinnar, hvar sem þeir eiga heima á landinu, þurfa að efla samstöðu sína og samstillingu, sem mest og bezt. En nokkuð er erfitt um vik hjá svo dreyfðum hópi manna, sem lítil sambönd hefur sín á milli og er Félagsblaðið líklega helzti tengiliðurinn.

Mig langar til að bera fram þá tillögu, að Nýalssinnar, hvar sem þeir eiga heima, reyni að taka sér stund, helzt á hverju kvöldi, og lesa einhvern kafla, einhversstaðar í Nýal. Þetta mundi auka á samstöðu Nýalssinna. Hugur okkar allra mundi þá beinast að þessu málefni á svipuðum tíma. Við mundum þannig stilla hver annan til sambanda við lengra komna íbúa annarra hnatta, en það eru einmitt þeir, sem við óskum sambanda við. Dr. Helgi Pjeturss segir á einum stað í ritum sínu, að góðir straumar myndist milli góðra lesenda. Er enginn efi á að það er rétt.

Ég held, að ef við tækjum upp þessa reglu, allir, mundi það stuðla að bættum samböndum við hina lengra komnu, Þessu gætum við, hver og einn, byrjað á nú þegar.

Ingvar Agnarsson
8. okt. 1966.

(P. s. Gaman væri að heyra álit manna um þetta efni).

SAMVIZKAN.

Oss hefur verið kennt, að samvizkan sé rödd guðs í brjósti voru. Og mun ekki fjarri lagi, að það sé rétt. En til að átta sig á þessu, að fullu mun þurfa nokkurn skilningsauka. Allir þekkjum vér til samvizku og samvizkubits. Er vér höfum aðhafst eitthvað rangt, í orði eða verki, þá er eins og vér heyrum rödd hið innra með oss, sem segir að nú höfum vér gert það, sem vér hefðum ekki átt að gera, og það vekur hjá oss sektarvitund, samvizkubit. Þessi rödd er misjafnlega skýr, og fer það ef til vill að einhverju leyti eftir því, hvað verknaður vor hefur verið illur. En einnig getur nokkru valdið mismunandi næmi vort fyrir utanaðkomandi áhrifum.

En hvernig stendur á þessari rödd og hvaðan kemur hún ?

Samkvæmt kenningu Nýals, erum vér ávallt í nokkru sambandi við verur á öðrum jarðstjörnum. Og í ýmsum ritum spíritista um andleg mál, virðist koma fram, að hver maður hafi sinn andlega leiðtoga eða verndara, sem leitast við að hafa áhrif á oss og snúa breytni vorri til góðs. Ef nú svo er, sem ég hygg rétt vera, að þessi verndari vor sé í allnánu sambandi við oss, þá má telja víst, að vér særum hann með breytni vorri, sé hún slæm. Þessi vansælukend verndara vors geislar þá frá honum aftur og kemur fram í huga vorum sem samvizkubit.

Á sama hátt, sem vér særum verndara vorn með slæmri breytni, munum vér gleðja hann, er vér gerum eitthvað gott. Gleði hans geislar frá honum aftur til vor, og vér verðum varir sælukendrar eða gleði.

Góð eða slæm samvizka er þannig háð breytni vorri og þar með sambandi voru við veru eða verur á öðrum stjörnum, sem hafa náð samband við oss.

Er oss hin allra mesta nauðsyn, að breytni vor sé þannig, að hún leiði til sambands við góðar verur. Og takist oss ávallt að breyta vel, mun samvizkan einnig vera góð, og er oss það mikill ávinningur.

Ingvar Agnarsson

1956.

NAUÐSYN AUKINNAR LÍFMAGNANAR

Á síðari árum hafa samgöngur innanlands og milli landa hvarvetna í heiminum batnað til mikilla muna frá því sem áður var. Á tiltölulega stuttum tíma er nú hægt að komast heimsendanna á milli. Þéttbýli hefur aukizt mjög og stórborgir myndast. Bifreiðir og önnur farartæki flytja fólk um þessi fjölbýlu svæði. En sá mikli ókostur

fylgir þessum bættu samgönguháttum, að slysum fjölgar ört. Hundruð þúsunda manna farast og slasast árlega í umferðarslysum. Þetta er eitt af hinum augljósu og alvarlegu helstefnueinkennum. Væri hér hafin sönn framfaraöld, mundi slíkum slysum fækka til mikilla muna.

Á öðrum hnöttum, þar sem lífstefnan er orðin allsráðandi, munu menn ekki nota farartæki að ráði, þar sem um stuttar vegalengdir er að ræða. Þar munu menn einkum ferðast á þann hátt að svífa í loftinu. Mun það takast fyrir mikla samstillingu íbúa þeirrar jarðar við lengra komna íbúa annarra hnatta. Allflest mun einhverntíma hafa dreymt að þeir væru að svífa í lofti. Mun þar vera um að ræða samband við íbúa einhvers hnattar, þar sem menn hafa komizt upp á lag með að ferðast á þennan hátt. Þar sem lífstefnuþróunin er enn lengra komin, munu menn geta heimsótt fjarlæga staði á hnetti sínum með því að hverfa á einum stað og koma fram á öðrum. Mun það gerast á svipstundu. Þar hafa fjarlægðir verið sigraðar á fagran og fullkominn hátt. Þar sem svo langt er komið, er heldur ekki langt til þess, að geta á sama hátt heimsótt íbúa annarra hnatta, og vafalaust munu lengra komnir íbúar sambandshnatta slíkra jarða, geta komið þangað í heimsóknir. Mun þetta vera mjög algengt á ýmsum hnöttum, þar sem lífstefnan hefur lengi ráðið. Kemur þetta glöggft fram í ýmsum ritum sjáenda, sem segja frá reynslu sinni.

Á okkar jörð sígur margt á ógæfuhlið, meðal margs annars það, að umferðarslysum fjölgar mjög eftir því sem farartækjum fjölgar.

Ef takast mætti að komast í betri sambönd við háþroskaðar vitverur annarra hnatta, mundi það leiða til mjög aukins aðstreymis lífsorku frá æðri lífstöðvum. Þegar snúið hefði verið frá helstefnunni sem hér ræður enn, til lífstefnunnar, sem komast verður á, ef áfram skal lifa á jörðunni, mun m.a. slysum fækka. Það væri jafnvel ekki óhugsandi að leggja mætti niður ýmis hættuleg farartæki, og í staðinn færi mönnum að takast að svífa um í loftinu, fyrir magnandi aðstreymi æðri kraftar.

Ingvar Agnarsson
1.11. árið 1965

HIN GUÐLEGA ÁST.

Ást mætir ást
og afli safnar,
meir en menn viti,
margur dropi
verður móða fögur
og brunar að flæði fram.

Jónas Hallgrímsson.

Svo kvað skáldið. Þetta er skáldlega mælt. Og þó líklega meiri sannleikur en ætla mætti í fljóti bragði. Ást er skapandi afl. Guðirnir senda frá sér án afláts þetta skapandi afl. Af því myndast öreindir geimrúmsins sem síðar safnast saman og breytast í stjörnur og vetrarbrautir. Af því afli myndast fyrstu lífsneistar á hverri jarðstjörnu. Af því þróast lífið fram til æ fullkomnari lífmynda, unz mannsmynd og mannsviti er náð. Og ef mannvitið getur uppgötvað þennan tilsenda kraft og tekið þar undir, heldur þróunin enn áfram, þar til maður verður guð.

Á okkar jörð hefur þróunin náð því stigi, að mannsvitið hefur uppgötvað þennan tilsenda kraft, og gert sér grein fyrir frumorsök allrar verðandi og hvert þróunin á að stefna. Nú er eftir að vita, hvort beztu menn mannkynsins og mannkynið allt, ber gæfu til að taka undir með hinum guðlega aðsenda krafti, svo takast megi að rata þróunarleiðina frá manni til guðs, en snúa við af helvegi þeim, sem hingað til hefur verið farinn.

Ingvar Agnarsson í júlí 1966.

DRAUMUR.

Mig dreymdi (í júlí 1966) að ég var að losa svefninn og vakna smátt og smátt. Fannst mér eins og ég væri að koma mjög langt að, en sú tilfinning er reyndar ekki mjög óalgeng, er maður vaknar af djúpum svefni. Ég var lengi að vakna, og loks gat ég opnað augun, og farið að litast um. En þar var ekkert að sjá, því ég var staddur í algjöru myrkri. Mér fannst ég þó vera úti og jörðin sem ég lá á var mjúk viðkomu. Ég varð ekkert hræddur, og mér leið vel, því ég fann einhverja straua leika um mig, sem veittu mér unað og styrk. Er ég nú hafði um stund litið í kringum mig, til að átta mig á umhverfinu, sá ég sól, og var hún mjög lágt á lofti eða eins og niður við sjóndeildarhring. Reyndar sá ég ekkert loft og engin skil lofts og jarðar. Kringla þessarar sólar virtist vera svipuð að stærð og okkar sól, en liturinn bláleitari. En það undarlegasta við þessa sól var það, að ekki virtist hún lýsa neitt upp umhverfi það, sem ég var staddur í. Hafði ég á tilfinningunni að ekki lægi ég hér á sléttri, auðri jörð, heldur væri eitthvað á henni, sem næði upp í loftið og sem byrgði allt umhverfis mig og yfir mér, og kemur mér helst í hug að þarna hafi verið um einhverskonar stórvaxinn gróður að ræða eða skóg, sem draumgjafi minn hefur haft veður af, þótt ekki hafi hann áttað sig á því til fulls. Er ég hafði nú rýnt út í myrkrið um stund, fór ég að staulast á fætur og tókst það. Gekk síðan af stað, en í aðra átt, en mér þótti sólin vera í, enda sá ég hana nú ekki lengur, og enga birtu frá henni fremur en áður. Mér þótti ég ganga um einhverskonar

göng eða hvelfingu, sem mér fannst þó að einhverju leyti vera óveruleg. Er ég hafði gengið alllengi, fór ég að verða var daufrar birtu framundan og skýrðist hún lítilsháttar eftir því sem ég gekk lengra. En meðan hún var enn mjög dauf, vaknaði ég.

Ætla mætti að í draumi þessum hafi ég fengið samband við nýdáinn mann, sem vaknað hefur upp í myrkheimi annars hnattar. Ekki áttar hann sig á hinu nýja umhverfi sínu, enda ekki við að búast, þar sem þarna er um algjört myrkur að ræða og líklega um að ræða einhvern myrkheimaskóg í líkingu við þann, sem segir af í sögu Frímanns í Nýal. En einhvers tilsendis kraftar, verður hann aðnjótandi, og það eykur honum vellíðan og forðar honum frá ótta. Sólin, sem hann sér, fyrst eftir að hann vaknar, gæti verið sambandssýn, enda lýsir hún ekki upp þetta umhverfi hans og hverfur honum, er hann fer að einbeita sér að öðru efni. Hann tekur stefnu eins og af eðlishvöt eða eftir tilvísun, einmitt í þá átt, þar sem birta verður framundan. Hann ætlar sér að halda áfram í átt til birtunnar. Og hann er enn óhræddur, þrátt fyrir þetta ömurlega umhverfi. E.t.v. er hann undir sérstakri vernd, lengra kominna vera, sem reyna að hjálpa honum og koma honum á rétta leið, þrátt fyrir, að hann hefur lent á þessum stað. Enda ekki víst, að hann sjálfur hafi að öllu leyti til þess unnið. Því geta einnig valdið stilliáhrif frá þeirri jörð, sem hann hefur nýlega yfirgefið. Að hann sé hér undir sérstakri vernd finnst mér benda hin góðu áhrif, sem hann finnur streyma um sig, þrátt fyrir allt.

Ingvar Agnarsson
24. ágúst 1966

ÚR BRÉFI

- - Ekki veit ég, hvort þú hefir lesið bækur Óscars Clausens, Dul-sagnir, en ýmislegt er þar ekki ómerkilegt, þó að lítið sé um vísindalegar skýringar. Þar er meðal annars í öðru bindi bls. 195 til 6 þessi frásaga :

" Árla morguns hinn 19. sept. 1899 var ég að klæða mig, og var ég þá ekki að hugsa um neitt annað en þau störf, sem ég átti fyrir höndum. Þá sá ég skyndilega birta alltöðrúvísi en verður af nokkru dagsljósi, þó hvorki meira né bjartar, jafnvel daufar. Þá var allt í einu sem mér opnaðist ný sýn, nýr himinn með nýju störnuskrauti. Voru stjörnurnar margfalt þéttari og dýrðlegri en við sjáum á festingunni. Ský voru og allt önnur. Skýin þynnri og hreinni og ollu engri fyrirstöðu í víðáttusýn. "

Guðbrandur hét hann Þorláksson sem segir frá þessari sýn sinni, og hefir hún vafalaust borist honum fyrir samband við sýngjafa á jörð annars sólhverfis. Var Guðbrandur þessi víst merkilegur smiður eða uppgötvuður og var sagt hann fyndi

upp róðravél. Hann las allt það sem hann náði í varðandi heimspeki og stjörnufræði, og er ekki ósennilegt, að stjörnufræði-áhugi hans hafi greitt fyrir því, að þessa sýn skyldi bera fyrir hann. - -

Sveinn Haraldsson

- - " Og það sem ég komst að raun um - og það sem mér finnst mín mikilvægasta lexía - var, að sársauki og þjáningar göfga ekki mannsandann. Alls ekki. Sársauki og þjáningar leiða af sér lífildmennsku, beizkju, eigingirni, grimmd. Það er aðeins hamingjan, sem göfgar. "

HVAÐ ER SÁL

Væri ég spurður, hvað sé sál í fallandi fossi, mundi ég segja að hún væri hið sérstaka hreyfingarform hans. En hingsvegjar er þess að gæta að í fossinum er vatn og straumur eitt og hið sama, þar sem hvorugt getur án annars verið. Án vatns væri enginn foss og án krafts ekki heldur. Og enn er hér nokkru við að bæta. Án sambands út fyrir jörðina væri enginn foss, því að án áhrifa frá sól hefði vatn aldrei komizt í þá aðstöðu hér á jörðu að geta fallið sem foss. Það sem á sér stað í fossinum, er að vísu mótað af þeim aðstæðum, sem þar eru fyrir hendi og gert af efnunum sínum staðar. En að uppruna til er hann einungis eftirmynd þess sem í sólinni á sér stað, þótt smækkuð sé, og kemur þar til greina þetta sem ég hef áður vikið að, að geislan eins hlutar er ævinlega falin í viðleitni hans til að framleiða sitt ástand, sál sína eða hreyfingarform, í öðrum hlutum. Sál sinni er það sem hver og einn hlutur er ævinlega að reyna að geisla frá sér til annarra hluta. Sál hlutarins er umfram allt falin í geislan hans eða áhrifa-viðleitni. Og hvað er það nú sem blasir við frá þessu sjónarmiði? Frá þessu sjónarmiði blasir það við, sem eitt gerir það náttúrufræðilega hugsanlegt, að maðurinn lifi þótt hann deyi.

Fyrir þá eftirgjöf lífsstarfsins, sem svefninn er, endurnærast einstaklingurinn af krafti tilsendum frá lífheimum annarra hnatta, og svarar það til sólargagnsins, sem hreyfir hér loft og lög. Í svefni fer fram magnan, sem er framhald þess sem varð, þegar örflitlum hluta af hinu líflausa efni jarðarinnar varð fyrst snúið til lífs, og má segja að skipti æ um frá svefni til vöku og frá vöku til svefns líkt og gárar á yfirborði vatns. En í dauðanum fellur lífsalda einstaklingsins í botn, sem svo leiðir af sér endurhafning frá grunni. Og sú hafning er falin í því að öll efnisskipan hins

deyjandi líkama geislar sé þangað, sem skilyrði eru til þess, að sá líkami byggist upp að nýju og þó einnig samkvæmt lífernri einstaklings ins á liðinni væi. Hinu lifandi einstaklingur er lifandi fyrir það að vera þáttur óþrotlegs lífsambands. Samband við lífheima óteljandi jarða stendur að lífi hvers eins, og leiðir það samband af því að líf er allsstaðar falið í hinu sama, þótt fjölbreytni þess og þróunar- geta sé óendanleg. Og flutningur einstaklings frá einni jörð til annarar er hugsanlegur fyrir það, að það skuli einmitt vera sál hans, niðurskipan líkamsefna hans og hreyfingarform, sem hann leitast æ við að gæisla frá sér og framleiða á öðrum stað.

Þorsteinn Jónsson.

ATHYGLISVERT DÆMI.

Í þessa árs " Morgni ", bls. 23 til 25, stendur eftirfarandi frásaga :

" Prestur nokkur sat einn í vinnustofu sinni, þegar dyrabjöll- unni var hringt. Hann lauk upp dyrunum, og fyrir utan stóð ung stúlka, sem presturinn þekkti vel. Hún átti heima í þorpi nokkru í 5 mílna fjarlægð. Þorpið var í næstu sókn, sem presturinn hafði flutzt úr 16 mánuðum fyrr en þetta gerðist.

" Gott kvöld ", sagði hún kjökrandi. " Ég býst við, að þér séuð búnir að gleyma mér, en ég á við yður mjög brýnt erindi. Faðir minn liggur fyrir dauðanum. Hann fór mjög sjaldan í kirkju, en einu sinni eða tvisvar fengum við hann þó til að fara í kirkju meðan þér voruð hjá okkur. Mig langar svo til að biðja yður að koma til hans og biðja með honum áður en hann deyr. "

" Ég skal koma nú þegar ", svaraði presturinn. Hann tók regnhlífina sína, setti upp hattinn og lagði af stað með stúlkunni út í ausandi rigninguna í fimm mílna gönguferð .

Þegar hann kom að húsi hins deyjandi manns, tók húsfreyja hjartanlega á móti honum. " En hvað það er fallegt af yður að koma til okkar sagði hún, " en hvernig vitið þér að maðurinn minn er að deyja ? "

" Dóttir yðar kom og sótti mig, " svaraði presturinn nokk- uð undrandi.

" Komið nú þegar upp á loft með mér, " sagði konan. Ég ætla að tala við yður á eftir. "

Presturinn gekk að dánarbedinu, talaði við sjúklinginn og baðst fyrir með honum. Örskömmu síðar andaðist hinn sjúki. Þá snéri prestur sér að konunni, sem þá var orðin ekkja, og spurði, hvar dóttir hennar væri, hann hefði ekki séð hana síðan hann kom í húsið.

Konan svaraði : " Ég varð alveg hissa, þegar þér komuð hingað alveg óvænt með öllu í kvöld og ég spurði, hver hefði sagt yður, að maðurinn minn lægi fyrir dauðanum. Þér sögðuð mér, að dóttir mín hefði sótt yður og að þið hefðuð fylgst að hingað. Hafið þér alls ekki heyrt, að dóttir mín dó fyrir einu ári ?"

Nú kom röðin að prestinum að verða foviða. " Dáin ", sagði hann með sterkri geðshræringu. " Hún kom að dyrum mínum, hringdi dyrabjöllunni og fylgdist með mér hingað. Og sjáið þér til ég hugsa ég geti fært sönnur á mál mitt. Þar sem vegurinn var bilaður á einum stað, var varðmaður nokkur og annar með honum, sem sátu við eld. Þeir sáu okkur ganga framhjá. Á heimleiðinni skal ég hafa tal af þeim ".

Presturinn lagði af stað heimleiðis, og á leiðinni hitti hann mennina tvo. " Þið sáuð mig ganga hér framhjá fyrir um það bil einni klukkustund, sáuð þið það ekki ? ", spurði hann. " Var ég einn á ferð ? ". " Já, herra, " svaraði annar maðurinn. " Þér töluðuð við sjálfan yður og fóruð mjög hratt ".

Og hvað er það nú, sem einkum er athyglisvert í þessari frásögu ? Hið athyglisverðasta þykir mér það, að þeir sem sáu prestinn á leið sinni til hins deyjandi manns, sáu hann einan á ferð en ekki í fylgd með hinni látnu stúlku eins og hann sjálfur þóttist vera. Og athyglisvert þykir mér það af því, að fyrir það virðist mér naumast verða komist hjá þeirri ályktun, að þrátt fyrir allt hafi þarna aðallega verið um draum að ræða hjá prestinum, en ekki eins og andatrúarmenn mundu ætla. Þrátt fyrir þá vökuskynjan, sem hann hefir þurfti til þess að rata leið sína og taka eftir vörðunum við veginn, þá hefir stúlkan og erindi hennar einungis verið hugskynjan tilkomin fyrir samband, eins og ævinlega er, þegar eitthvað er séð í draumi, og er hér því enn eitt dæmið til stuðnings því, sem ég undanfarið hefi verið að halda fram varðandi eðli skygginnar.

D. J.

EFTIRMÁLI.

Nokkrar breytingar varð mér á að gera á fundarfrásögu Sveins Haraldssonar, og bið ég hann afsaka það. Var það einkum varðandi sumt, sem hann hafði eftir mér, og skal þó taka það fram, að ekkert var þar ranglega eftir mér haft. Aðeins var það, að ég hefði sumsstaðar viljað hafa komizt betur að orði og meir á fullnægjandi hátt en mér hefir víst tekizt þarna á fundinum, og lét ég það ráða gerðum mínum.

Svo sem að undanfögnu er hér enn í blaðinu ýmislegt eftir Ingvar Agnarsson, og skal þess nú getið, að hinar stjarnfræðilegu myndir á forsíðu hvers heftis hefur hann ævinlega útvegað og útskýrt svo á næstu síðu. Hefir þáttur Ingvars í blaðinu þannig ekki verið lífll, og veit ég þó ekki, hvort ég nokkru sinni hefi þakkað það. - Varðandi það, sem Ingvar talar um eða ber fram í grein sinni, Samstaða Nýalssinna, skal ég geta þess, að slíkt hefir komið fram áður. Og þó að það bæri víst ekki mikinn árangur þá eða fengi verulegar undirtektir, þá er ekki þar með sagt, að það geti ekki borið árangur nú. Sannleikurinn er, að samtímalestur Nýalsrita ætti að geta skapað sammögnun meðal Nýalssinna, ef honum aðeins fylgdi nægjanlegur kraftur og áhugi, og hefi ég þar með látið í ljós álit mitt svo sem greinarhöfundur óskaði eftir að menn gerðu.

Um hinar aðrar greinar Ingvars í þessu blaði sleppi ég að skrifa neitt sérstaklega, en vil þó minna á það, sem ekki getur verið um að villast, að samvizka manna eins og Sókratesar og Krists hefir verið sambandsgefáa. " Úr bréfi " frá Sveini Haralds-syni hefi ég heldur ekki við að bæta né frásöguna af prestinum og stúlkunni látnu, sem ég tók upp úr " Morgni ". Hinsvegar er ef til vill ástæða til að geta þess í sambandi við þetta, sem tekið er upp eftir Maugham, að hinu gagnstæða hefir meira verið haldið fram. Eins og kunnugt er, þá hafa jafnvel þeir, sem djúpsæjastir hafa verið taldir, talið bölið vera mönnum nauðsynlegt til lærdóms og þroska, og er ekki ólíklegt, að slík kenning sé að einhverju leyti sprottin af viðleitni til að réttlæta almáttugan guð. Almætti og algæði mun mönnum eðlilega hafa fundizt, að ekki gæti farið saman nema því aðeins, að þetta sem kallað er illt, þjáningar, harmur og böl, sé í rauninni gott og nauðsynlegt. En eins og Nýalssinnar hafa væntanlega allir gert sér ljóst, þá er lausnin á þessari mótsögn allt önnur. Sé nógu einfaldlega hugsað og samkvæmt því, sem staðreyndirnar eru í raun, þá ætti það að liggja alveg ljóst fyrir, að harmur og böl á sér hér stað eingöngu vegna takmarkana á vilja hins góða og sannmáttuga. Og vilji menn nú ganga úr skugga um þetta, sem hér er verið að ræða, þá þarf hver þeirra ekki annað en rifja upp þær stundir ævi sinnar, sem hamingjuríkastar voru, og gæta svo að, hverskonar hugarfar var þeim helzt samfara. Hvenær var það, sem maður vildi öllum vel, ef það var ekki einmitt þá, þegar hann hélt sig njóta þess eða vera í námunda við það, sem telja má með réttu vera mestan unað jarðlífsins ?

Grein mína, Hvað er sál, samdi ég í sumar vegna tilmæla Þorsteins Guðjónssonar, og mun hann hafa snúið henni á ensku og ætla að birta hana í blaði á því máli, sem hann er ritstjóri að, og sent er til manna víðsvegar um jörð. Vænti ég þess, að Þorsteinn segi einhverntíma hér í blaðinu frá þeim móttökum og undirtektum, sem þetta blað hans hefur sumstaðar fengið. En hins skal aftur á móti geta nú þegar, að prentun og dreifingu hins enska blaðs kostar

gjaldkeri félagsins. Sigurður F. Ólafsson. - En varðandi þessa grein mína er það annars að segja, að það sem þar er sagt, var mér að miklu leyti ljóst orðið fyrir um 40 árum. Sál einstaklingsins er niðurskipan kvikra efna, sagði ég þá, og mun mér þá einnig hafa verið það ljóst, að samband við lífsuppsprettu eða þróaðri fyrirmyndir á öðrum hnöttum, hlaut þar að vera undirstaðan. Sál einstaklingsins birtist í ákveðinni niðurskipan efniseiningja á sama hátt og hugsun sú, sem ég reyni hér að koma fram, birtist í ákveðinni niðurskipan bókstafa og orða. En þó ber þess að gæta, að einingjar efnisins eru í mér ekki sem óhagganlegir bókstafir. Út frá hverju einu, sem þar er orðið, er í hinum lifandi einstaklingi nokkurt framhald eða aukning. Hinn lifandi einstaklingur getur þannig ekki verið sem bók, sem lokið hefir verið við né heldur þannig, að á nokkrum stað í henni hafi verið sagt til fulls það, sem segja má. Undirstaðan er hér að vísu óhagganleg. Sögunni eða því, sem að hinum lifandi einstaklingi stendur, verður aldrei breytt, né þeirri túlkun þeirrar sögu, sem hver einstaklingur er. - Eins og kunnugt er, þá eru það erfðirnar frá foreldrum og ætt, sem ráða því, hvernig útgáfa einstaklingurinn verður, og kemur þar þó enn nokkuð að auki. Það er áreiðanlegt, að hve marga syni sem einhverjir foreldrar ættu, þá mundu þar engir tveir verða alveg eins, og kemur þar það til greina, að hinir óteljandi þættir sögu eða minninga, sem stæðu þar að öllum þeim bræðrum jafnt, skipast í engum á sama hátt niður. Fjölbreytni tilbrigða er þannig í hverjum einstaklingi alveg óþrjótandi, og er ástæða til að ætla, að hver líkamsfruma hans sé með nokkrum hætti sérstæð. Væri ekki svo, mundi það ekki fremur henda eineggjatvíbura en tvíeggja að vera sérstaklega líkir. - " Hvert líf, það er minning, sem minnst ", sagði ég eitt sinn og fann þá, að þar hafði ég hitt á meginsannindi. Og þetta, sem gerist við upphaf einstaklingsins, er ekki alveg óskylt því, sem verður við dauða hans. Við það, að hinar tvær frumur sameinast þannig, að þær gefa sig hvor annarri til fulls svo að segja má að þær hafi þar fyrirfarið sér, opnast hinum skapandi krafti leið til að rifja það allt upp, sem í þessar tvær frumur var skráð, svo að þar verður til nýr fjölfrumungur. Bæði við upphaf einstaklingsins og við endurreis hans úr dauða, verður alda þess, sem hann var og það, sem að honum stendur frá foreldrum, að hafa hnigið til fulls eða gefið eftir. Og hvað er nú það, sem gerir mögulegt þetta brattgengi, sem þróun hans er frá hinu örsmáa upphafi og endurreis hans frá dauða ? Er ekki líklegt, að þar hljóti að koma til greina ástæði við annan eða öllu heldur aðra á einhverjum systurjörðum þessarar jarðar ? Byggist ekki allt á því, að í hinni stórkostlegu hljómkviðu hins þrotlausa lífs alheimsins á sérhvert tilbrigði óteljandi hliðstæður eða ástæði, þó að sennilegt sé, að aldrei séu þær hliðstæður alveg á sama stigi ?

Að endingu skal hér svo vikið að tveimur draumum Ingvars Agnarssonar, sem sagt var frá í síðasta blaði og mjög virtust vera úr sinni áttinni hvor. Er ekki um að villast svo sem um mjög marga aðra drauma Ingvars, að þar hefir átt sér stað samband út fyrir jörðina. Þykir mér, þar sem sagt er frá hinu lakara sambandi, eftirtektarverð lýsingin á krumlum draumgjafans, og er ekki ólíklegt, að löng saga illverka og öfugþróunar hafi staðið þar að. Annars minnir þessi draumur mig dálítið á annan, sem mig dreymdi eitt sinn varðandi útlit fóta minna, og hefi ég líklega sagt frá honum áður. En draumur sá var á þá leið, að mér þóttu einhverjir krakkagrislingar vera að hárreita mig á tánum, en þær þótti mér vera alþaktar allöngu strýi brúnjörpu að lit. Þótti mér sem þessi hárvöxtur vera eitthvað í meira lagi á mínum tám, og þess vegna væru þessir gríslingar að toga í þær. En þó mundi ég eftir því, þegar ég var vaknaður, að fætur nokkurra annarra, sem þarna voru viðstaddir, voru einnig loðnir og að öðru leyti klæðlausir.

Þorsteinn Jónsson